

From: Berglind Guðmundsdóttir
Sent: 17. maí 2016 15:34
To: Kristján Sturluson
Cc: Sigurður Haraldsson
Subject: Endurnýjun samnings SVH við Kleifarvatn.

Kleifarvatn er að hluta í lögsögu Hafnarfjarðar og að hluta í lögsögu Grindavíkur. Svæðið er mikilvægt í náttúrufræðilegu tilliti þar sem himbrimar hafa sést á vatninu á varptíma og einnig á haustin. Álftapar hefur verpt við sunnanvert Kleifarvatn undanfarin ár. Stokkendur, toppendur og kríur verpa við suðurenda vatnsins. Merkar fornleifar og búsetuminjar eru við vatnið þar á meðal túngarðsleifar eyðibýlsins Kaldrana sem voru friðlýstar 1930. Vesturengjarnar sem liggja frá Grænavatni að Kleifarvatni njóta hverfisverndar. Strandsvæði í Krýsuvík er hverfisverndað. Hverfisverndarákvæði: Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og og því eru engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi. 200 metra belti meðfram strönd Kleifarvatns er hverfisvernduð.

Í tillögu umhverfisstofnunnar er lagt til að svæðið frá Kleifarvatni að vestur- og austurengjar verði friðlýst. Stangaveiðifélagið hefur haft mikla hagsmuna að gæta í vatninu vegna fiskiræktar og veiði og hefur sú starfsemi rímað vel við þá stefnumörkun sem fram kemur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar - Krýsuvík.

Í þessari upptalningu má ljóst vera að svæðið hefur hátt útivistargildi og hefur starfsemi stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verið til fyrirmyndar enda hefur félagið hugað vel að því umhverfi sem þarna er og verið meðvitað um varðveislugildi þess.

M.t.t til ofangreinds er mælt með að samningur við stangaveiðifélag Hafnarfjarðar verði endurnýjaður.

Berglind Guðmundsdóttir
Landslagsarkitekt fíla

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619



www.hafnarfjordur.is